

31/1/1968.

mmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmm
Skógarvörðurinn á Austurlandi
mmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmm

mmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmm
STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1967
mmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmm

mmmmmmmmmmmmmmmmmmmm
Sigurður Blöndal
mmmmmmmmmmmmmmmmmmmm

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1967.

mm

1. Veðurfar ársins.

Páll Guttormsson skrifar eftirfarandi tíðarfarsyfirlit um árið 1967:

Í janúar var hitastigið 0,7 stigum yfir meðallagi og 2,2 stigum í febrúar. Oftsinnis var mjög hlýtt frá 5. jan. til febrúarloka. T.d. sem næst óvenjuhlytt frá 8.-16. jan. og 11.-20. febr. Þingvíðir byrjaði að sprengja brumhlífar í hitakaflanum í janúar, en loðvíðir í febrúar.

Frá 16. til 21. febr. var 130 mm úrfelli, mestmegnis regn, er féll allt á auða jörð. Jafnsnemma og tók að frjósa 22. febr. kom 4 cm snjólag á jörð og bætti á til mánaðamóta og var þá orðið 22 cm á þykkt.

Frá 28. febr. til marzloka var áttin norðlæg og frost hvern dag í marz. Snjór á jörð var 14-35 cm þykkur í marz. Um mánaðamótin marz-apríl var klaki í jörð í skóginum 11 cm þykkur. Hafði aukizt aðeins um 2 cm í mánuðinum, en það var snjólaginu að þakka.

Hinn 6. apríl gekk í hláku og leysti snjóinn mjög ört fram að 15. apríl. Meðalhitinn dagana 6.-14. apríl að báðum meðtöldum var 6 stig. En nú kólnaði snögglega og varð meðalhitastig 16.-22. apríl að báðum dögum meðtöldum +6,6 stig. Í lok hlákudaganna voru viðja og reynir aðeins að byrja að lifna.

Hlýindi komu aftur 23. apríl og var milt, þar til fram eftir degi hinn 28. Hinn 27. voru brum lauftrjáa byrjuð að þrútna og opnast. Á ræktaðri jörð. Vorgróður var aðeins að byrja.

Hinn 30. apríl kólnaði. Var síðan óslitin norðaustlæg átt til 28. maí, en hitastig neðan við frostmark allt til 20. maí.

Síðustu daga í maí og fyrstu dagana í júní fór gróðri vel fram, en framförin var svo hægari dagana 5.-9. júní, sökum lægri hita og lítils sólfars.

En hlýindin komu aftur 10. júní og héldust til 19. Fór gróðrinum vel fram á þessum tíma.

Frá 19. júní til 11. júlí voru aðeins 4 dagar þurrir. En vegna ónógs hita var vöxturinn mjög hægur. Dagana 21.-22. júní var meðalhitinn t.d. aðeins 4,0 stig, en 7,0 stig dagana 1.-9. júlí. Það hlýnaði aftur hinn 12. júlí og voru heitustu dagar sumarsins 12.-15. júlí, að báðum meðtöldum. Góður vöxtur byrjaði ekki fyrr en þá.

Dagana 17. júlí til 3. ágúst var vöxtur alls nytjagróðurs hægur vegna lágs hitastigs og ónógs sólskins.

Frostróttina 3. ágúst féll hér kartöflugras. Talsvert af efstu brumum á sprotum barrtrjáa í góðum vexti í græðireitnum ~~XX~~ eyðilögðust. Einnig sáu stáust gular nálur á endasprotum barrtrjáa á stöku stað í plöntuteigum í skóginum eftir frostið. Þá eyðilögðust einnig blóm á hrútaberjalyngi.

Það var kalt á nóttunum fram að miðjum ágúst, en strax og hlýna tók hinn 4. ágúst jókst vöxtur á öllum trjágróðri. Dagana 4.-24. ágúst var mjög sólríkt og oft fagurt veður. Vindur alltaf hlýr og oft logn í mánuðinum.

Þótt langvarandi hlýindi kæmu seint, ~~XXX~~ var mikil framför í vexti margra jurta frameftir ágústmánuði, sérstaklega í góðum jarðvegi.

Fyrstu 6 dagana í september var hitinn 2,5 stig fyrir neðan meðallag. En frá 7. til 16. var hann 3 stigum yfir meðallagi og dagana 16.-27. um meðallag. Stillur voru mestan hluta mánaðarins og hlýir suðlægir vindar um miðjan mánuðinn. Kringum hinn 20. voru votviðri og þoka

Sprotar trjákenndra plantna náðu allsæmilegum gildleika, er leið

á mánuðinn.

Fyrstu dagana í október voru einnig stillur, en vægt frost sumar nætur. Fór lauffall mjög hægt fram. Var það þó að mestu um garð gengið, er vetrarveðrið skall á hinn 14. Það má telja dagana 14.-20. okt. hina köldustu, er komið hafa á þessum tíma, síðan veðurathuganir byrjuðu.

Þíðviðri var með dálftilli rigningu 22.-28. okt. Þá daga fór frost að mestu úr jörðu.

Hinn 29. október byrjaði aftur að frjósa og þann dag fylgaði líka. Varði kuldinn fram á aðfaranótt 16. nóvember. Þennan tíma var 3-12 cm þykkur snjór á jörðu.

Það var hlýtt í veðri 18.-23. nóv. og ágætis tíð til hins 27. En að kvöldi hins 28. varð hitastigið með því lægsta, er hér hefir mælt á þessum tíma árs.

Mjög mikla breytingar voru á hitastigi fyrrihluta desember. En dagana 16.-26. að báðum meðtöldum var mild tíð. Mestallan des. var dálítill snjór, mest 8 cm þykkur.

Mjög lítið úrfelli var bæði í nóvember og desember, eða með allra minnsta móti.

Við áramótin var klaki í jörðu 8 cm þykkur í skóginum.

Tafla I. Hita-, úrkomu- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1967.

Mán- uður	Hitastig °C		Úrkoma mm		Sólskins- stundir	Fjöldi vaxtar- ein.
	Meðal- tal	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi		
Jan.	-0,5	+0,7	54,8	-49,6	-	-
Febr.	0,9	+2,2	197,9	+134,2	15,2	-
Marz	-5,9	-5,7	35,6	-7,0	80,5	-
Apríl	0,9	-0,6	56,4	+16,0	170,6	-
Maí	2,0	-3,7	21,3	-3,3	135,0	-
Júní	8,4	-0,6	23,7	-4,6	173,0	50,72
Júlí	8,2	-2,7	40,1	+0,9	150,4	49,81
Ágúst	9,4	-0,3	20,4	-19,7	219,3	57,73
Sept.	7,6	+0,2	49,1	+2,1	103,2	-
Okt.	1,5	-2,9	61,1	-3,1	39,0	-
Nóv.	-0,4	-1,8	18,4	-59,8	3,9	-
Des.	-2,1	-1,3	28,0	-62,7	-	-
Árið	2,5	-1,4	608,8	-60,8	1.081,1	-
Júní- sept.	8,4	-0,8	-	-	-	-

Á sumrinu komu 4 dagar með 20 stiga hámarkshita og yfir: Hinn 7. júní 20,5 stig, 12. ~~XXI~~ júlí 20,9 stig, 13. júlí 20,0 stig og 14. júlí 23,0 stig.

Mesta frost á árinu mældist 22. marz. Var það 16,9 stig í mæla-
skýli, en 20,0 stig við jörð.

Hér fara á eftir tölur yfir lágmark hitans seinast um vorið, um sumarið og fyrst um haustið:

Mánuður	Dagur	Í mælaskýli	Við jörð
Maí	20.	- 4,7	- 8,5
"	30.	2,8	- 1,1
"	31.	1,5	- 1,9
Júní	1.	0,7	- 1,8
"	2.	1,3	- 1,7
"	8.	- 0,9	- 3,2
"	13.	1,9	- 2,4
Júlí	13.	1,9	- 1,3
"	21.	1,2	- 2,5
Agúst	3.	- 1,6	- 5,0
"	15.	- 0,4	- 2,5
September	6.	- 1,2	- 4,5
"	14.	1,6	- 1,9
"	18.	0,2	- 2,0

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

a. Laufgun og lauffall.

Birkiskógurinn varð allaufgaður hinn 16. júní. Hafði hann ekki sprungið út fyrr en í hlýindunum næstu daga á undan. Hinn 25. sept. var skógurinn orðinn gulur, en lauf lítt fallið. Hinn 1. okt. féll lauf allmikið og hinn 11. okt. féll mikið lauf af birkinu. Mest var fallið af birkiskóginum ofantil í hlíðinni hinn 13. okt., en alltaf munar nokkrum dögum á skóginum efst og neðst í hlíðinni bæði með laufgun og lauffall.

Lerkiskógurinn var orðinn grænn til að sjá 2. júní og var fullútsprunginn 12. júní. Hinn 13. okt. gekk ég um helztu lerkiteigana til þess að athuga gulnun og varð niðurstaða sú sama og 1966: Irkutsk frá 1953 var mest gulnað, en Altai frá 1957 minnst. Að öðru leyti skráði ég ekki gulnun á lerkinu.

b. Vöxtur.

Á öllum tegundum af trjám var vöxtur nú með minnsta móti. Ein undantekning er frá þessu, sem nánar verður að vikið á eftir. Lerki-vöxtur var að vísu meiri en árið 1964, en burtséð frá því ári hinn minnsti, sem komið hefir. ~~XXXXXXXX~~ Stafafuruteigurinn á Atlavíkurstekki hefir nú stytztu ársprotta, síðan þar voru bara smáplöntur og vöxtur á greni og birki almennt var lítil.

Undantekning var elzti sitkagrenireiturinn frá 1949. Á þann teig var borinn Kjarni vorið 1965 (um fjórðung) og 1966 (um helming), en fjórðungur var skilinn eftir óáborinn. Áburðurinn gerbreytti ~~lit~~ lit á trjánum strax á fyrsta sumri og á þessu sumri brá svo við, að ársprottar voru lengri en sézt hafa um langt skeið. Skammturinn var sem næst 120 g af Kjarna á tré og var sáldað kringum hvert tré nokkurn veginn jafnlangt út krónunni. Það er athyglisvert, að vorið 1966 var líka borið á rauðgreni (pl. 1954 og 1956) í Lýsishól um 60 g af Kjarna á tré. Á rauðgreninu voru sprottar í ár styttri en í fyrra, öfugt við sitkagrenið.

Mér sýnist engin tré, sem hér hefir verið borið á, hafa tekið eins vel við sér eftir áburðargjöf og sitkagrenið frá 1949 eftir þessa áburðargjöf. Styður þessi reynsla eindregið það, sem Haukur Ragnarson hefir haldið fram undanfarin ár og nú seinast í sinni ágætu grein í Ársriti Skf. Íslands um það, hvaða möguleika tré af ýmsum stærðum hafi til þess að nota sér áburð.

Eins og háttað var árferði vorsins og sumarsins 1967, var naumast von á miklum vexti trjáa. Segja má, að maímánuður hafi horfið vorinu og þrjár sumarmánuðirnir allir undir meðallagi og júlí næstum 3 stigum. Stoðaði þá lítt, þótt september væri aðeins ofan við meðallag.

c. Fræfall.

Nokkurt fræfall varð á birki, en með minna móti á broddfuru og stafafuru. Ekkert á greni.

d. Skaðar á trjám.

Ekki urðu teljandi skaðar á trjám á árinu hér á Hallormsstað. Það eina, sem nefna mátti er það, að Alaskaöspin, sem hingað kom fyrst, laufgaðist illa, svo að þar var um skemmdir á brumum að ræða. Ekki þori ég að segja um, hvenær þær skemmdir hafa orðið, en þetta hefir aldrei komið fyrir áður. Hins vegar þar ekki á öspinni, sem seinna kom og mun vera af þeim stofni, sem Þinar Samundsen kom með frá Alaska.

Hins vegar urðu verulegir skaðar á trjám sums staðar hér niðri á Fjörðum. Einkum var þetta áberandi í Neskaupstað. Þar var reyniviður (Íslenzkur) svo illa útleikinn, að hann laufgaðist ekki nema að litlu leyti. Hins vegar sá ég tré af silfurreyni í garði Ölvers Guðmundssonar útgerðarmanns, sem var alveg óskemmt. Mér er tjáð í Neskaupstað, að þar hafi trjágróður ekki í annan tíma verið verr útleikinn eftir vetur.

Það er hins vegar mjög athyglisvert, að yfir á Brekku í Mjóafirði, þar sem er mjög myndarlegur, gamall trjágarður, voru engar skemmdir að sjá og er þó uppistaðan í þeim garði Íslenzkur reyniviður.

Birkimaður var ekki teljandi hér í skóginum í ár.

e. Trjámælingar.

Um þetta efni vísast til mælinga þeirra, er gerðar voru vorið 1967 og skýrslur voru sendar um þá.

3. Starfsfólk.

Tafla II skýrir sig sjálf, en vinnustundir ná þó ei til ákvæðisvinnu.

Tafla II. Verkaþólk og kaupgreiðslur á Hallormsstað 1967.

Mánuður	Fjöldi	Vinnustundir	Tímavinna kr.	Ákvæðisv. kr.
Jan.-maí	4	2.110	128.441,15	-
Júní	24	4.974	265.694,71	51.426,20
Júlí	18	3.160	180.405,32	9.631,50
Ágúst	11	1.432	84.750,71	67.226,00
Sept.-okt.	9	1.703	91.406,58	1.848,75
		13.379	750.389,68	130.132,47
			880.830,92	

Af þessari heildarupphæð voru kr. 384.087,09 greiddar til fólks, sem búsett er í Vallahreppi. Minnkar þessi hluti ennþá, enda var meira en helmingur stúlkanna úr Reykjavík og Kópavogi. En margt bendir til þess, þegar þetta er ritað, að breyting muni nú verða á þessi í þá átt, að fleira "heimafólk" verði hér á sumri komanda.

Verkaskipting okkar Páls Guttormssonar var hin sama og undanfarin ár. Hann sá um daglega verkstjórn í gróðrarstöðinni, en ég sá þó alveg um plöntuafhendingu. Hann vann einnig lítillaga að áburðargjöf og hormónauðun í skóginum og skógarhöggi á útmánuðum.

Ingibjörg Sigurðardóttir var ráðskona 9. árið í röð.

Helga Einarsdóttir úr Reykjavík reiknaði út kaup og sá um útborganir mesta ánnatímans.

Norski skógtæknirinn Trond Löken var hér í annað sinn og að þessu sinni með annan Norðmann, er hét Martin Löken. Þeir sá alveg um plöntun-

ina hér, í Mjóanesi og á Eyjólfssstöðum fyrir SKAL. Gerðu þeir það með þryði. Að öðru leyti unnu þeir við grisjun og kjarrhreinsun. Martin Löken reyndist þryðispiltur, ekki síður en Trond.

Í byrjun febrúar fóru þeir Baldur og Bragi Jónssynir til Noregs og sóttu námskeið fyrir skógarverkamenn við vinnuskólann á Sönsterud. Tóku þeir á móti þeim í Osló Trond Löken og Arne Lindmoen. Þeir eiga heima skammt frá Sönsterud og voru bræðrum hjálplegir um allt, sem með þurfti. Á námskeiðinu lærðu þeir bræður einhliða allt, sem lýtur að skógarhöggi og meðferð verkfæra til þess. Þeir fengu t.d. ágæta kennslu í viðhaldi og meðferð mótorsaga. Þeir voru ákaflega ánægðir með þessa ferð og fengu mjög aukið sjálfstraust, sem þá skorti tilfinnanlega. Og í vinnutækni við skógarhögg hafa þeir lært ákaflega mikið.

Nú er svo komið, að við notum aðeins vélsagir við skógarhöggið, þótt mörg ár tæki að koma aðalskrifstofu Skógræktar ríkisins í skilning um, hve sjálfsagður hlutur slíkt væri. Munurinn á vinnubrögðum er svona álíka **XX** mikill og á slætti með orfi og ljá og sláttuvél.

Á sl. vori hófst vinna í gróðrarstöð um hálfum mánuði seinna en oftast. Fyrstu stúlkurnar komu 29. maí, því að fyrr var ekki hægt að hefja vinnu sökum kulda og klaka. Stúlknaþópurinn, sem við höfðum nú, var ekki síður ánægjulegur en árið áður. Þetta voru allt úrvalsstúlkur og vinnan í gróðrarstöðinni gekk mjög ^{nsurðulaust} um vorið. Piltaliðið var miklu betra nú en árið áður.

4. G i r ð i n g a r .

Viðhald.

a. Hallormsstaður. Venjulegt viðhald á Hallormsstaðagirðingu var ekki tilfinnanlegt á þessu ári og ekkert frekar um það að segja. En óhjákvæmilegt mun reynast að gera einhverjar ráðstafanir til þess að gera framkant gömlu girðingarinnar frá Kerlingará og niður að Fljóti traustari en hann hefir verið. Um þennan kafla lekur alltaf mikið.

b. Hafursár- og Mjóanesgirðing. Venjulegt viðhald á þessari girðingu var lítið. Hins vegar var nú sett upp hliðið við Mjóanes og sakir breyttra viðhorfa í **XX** búskap á Hafursá, var nú girðingin utan við Freyshólalæk og út að Mjóaneslandamerkjum tekin upp og færð upp á Freyshólalandamerki. Er því hliðið við Freyshóla jafnframt túnhlið á Freyshólum rétt neðan við bæinn og varzla þar miklu öruggari en áður var. Þannig er allt land Hafursár neðan við Freyshóla nú friðað.

c. Jórvík. Að þessu sinni var ekki mikið verk við viðhald girðingarinnar í Jórvík. En þar er nú komið upp sérstakt vandamál. Það er hreindýramergöin, sem sækir í girðinguna á veturna og engin ráð virðast vera til að verjast. Þetta er atriði, sem ræða þyrfti við Menntamálaráðuneytið.

5. S k ó g a r h ö g g .

Skógarhögg hófst að þessu sinni viku af apríl, þar eð þeir Baldur og Bragi Jónssynir komu ekki úr Noregsför sinni fyrr en seint í marz. Þeir unnu að mestu við þetta fram í miðjan maí. Var þetta grisjun í allvænum skógi, en þó mikill kjarrruðningur fyrst.

Þegar Norðmennirnir komu 22. maí, fóru þeir strax að grisja fyrir plöntun og unnu við það fram í byrjun júní og síðan aftur seinni part júlí og í ágúst. Öll sú grisjun var á þann veg, að viðurinn var látinn liggja, enda var hér um að ræða að grisja ekki meira en svo, að gerlegt væri fyrir liminu að planta í landið. Voru mörg þessi svæði vaxin mjög þéttum skógi.

Viðarsalan á árinu nam 101 þús. kr. (er þá meðtalinn arinviður til Reykjavíkur, sem ekki kom til reiknings fyrir áramót). Verðmæti

Tafla III. Skógarhögg og viðarsala á Hallormsstað 1967.

Birki.

1 Sala:

Staurar: B 2	1.375	stk.		8.8 tonn
B 3	480	"		1.7
B 4	700	"		3.5
Styttur	410 ✓	"		<u>1.0</u>
Eldiviður	24,4	tonn		15.0
Reykingaviður	4,2	"		24.4
Samtals		kr.	100.878,50	9.2

2. Birgðir: í árslok

Staurar: B 2	550	stk.		3.6 tonn
B 3	600	"		2.1
B 4	500	"		2.5
Styttur	600	"		<u>1.5</u>
Samtals		kr.	36.900,00	9.7

3. Högg 1967:

Staurar: B 2	925	stk.	6,0 tonn	6.5 kg	
B 3	280	"	1,0 "	3.6 -	
B 4	400	"	2,0 "	5.0 -	41.6 kg
Styttur	410 ✓	"	1,0 "	2.4 -	
Eldiviður			24,4 "		
Reykingaviður			4,2 "		
Högg alls 1967			<u>38,6 tonn</u>		

Birgðir í árslok 20.0
Sala 58.6

	Reykingaviður tonn	Eldiviður tonn	Styttur stk.	B III tonn	B IV tonn	B V tonn	Styttur stk.	Allt tonn
4.2	24.4	1.375	8.8	480	1.7	700	3.5	410 1.0 43.6
		550	3.6	600	2.1	500	2.5	600 1.5 9.7
4.2	24.4	1.925	12.4	1080	3.8	1200	6.0	1010 2.5 53.3

Sala 7.5
Birgðir 7.5

staurabirgða er um 37 þús. kr. Heimanotkun eldiviðar var að þessu sinni nær engin. Hins vegar er talan yfir verðmæti skógarhöggins á árinu ónákvæm, þar eð staurabirgðir við sl. áramót voru ofmetnar. Það þurfti að endurflokka mikið af þeim staurum, sem þá voru taldir í birgðum og kasta allmiklu og fella í flokkun. Ómögulegt er að segja um, hve miklu þetta nam í krónum. Skv. töflunni nam verðmæti skógarhöggins ekki nema 84 þús. kr., eða minna en um langt skeið, enda er magnið ekki nema 38,6 tonn, skv. útreikningi í töflunni.

Skýringin liggur m.a. í því, að nú var að kalla ekkert grisjað ofan af plöntunum eins og oftast áður, heldur var skógarhöggið að langmestum hluta grisjun á smáviði, sem var látinn liggja. Fyrir fáum árum hefði heilmikið verið hirt af því, sem nú var látið liggja.

Seld voru 209 jólatré og 70 kg af stafafurugreinum. Nam verðmæti þess tæplega 35 þús. kr. Til gamans má geta þess, að Kaupfélag Héraðsbúa á Egilsstöðum eitt saman keypti rúmlega 70 tré, auk þess sem talsvert af einstaklingum á Egilsstöðum keypti tré beint af okkur. Þetta er nær helmingi aukning frá sl. vetri. Hins vegar keypti kaupfélagið á Reyðarfirði sín föst 6 tré eða um 1 stk. á mann í þorpinu! Segir verzlunarstjórinn mér, að ómögulegt virðist vera að auka áhuga Reyðfirðinga á lifandi jólatrjám!

Skógarhöggið fór fram á eftirtöldum svæðum:

1. Brekkan ofan við Kliftjörn (grisjun ofan af plöntun) og Gatna-skógur ásamt skógarræmu meðfram þjóðveginum alveg inn að Hallormsstaðatúni (grisjun í birkiskógi, sem á að standa).

2. Í Lýsishól voru grisjaðar 4 litlar spildur, þar sem skilinn hafði verið eftir skermur yfir rauðgræni. Ennfræmur dálítil spilda, sem hugmyndin er að láta standa til frambúðar með birkiskógi.

3. Í Framhólum voru grisjaðir 4,03 ha alls fyrir plöntun. Voru þetta 6 aðskildir reitir. Ekkert var hirt af víði. Um 1,5 ha er óplantað af þessu landi og nothæft fyrir furu eða lerki.

4. Í Lýsishól 6,16 ha fyrir plöntun og ekkert hirt af viðnum. Af þessu er óplantað í um 1,5 ha lerki- eða furuland.

5. Í Flataskógi 2,14 ha fyrir plöntun og ekkert hirt af víði. Af þessu er óplantað í um 0,5 ha.

Af þeim 12,3 ha, sem grisjaðir voru fyrir plöntun, eigum við þannig sem næst 3,5 ha óplantaða. Bezt hæfir þetta land fyrir lerki. Við eigum nú í fyrsta skipti ofurlítið forskot af plöntunarlendi frá næsta sumri á undan og er nú um að gera að missa það ekki, heldur auka fræmur, því að miklu munar, að limið sé eldra en frá vetrinum á undan plöntun.

6. Gróðrarstöð.

a. Nývirki og umbætur.

Af nývirkjum var merkast, að sett var upp plastgróðurhús af finnskri gerð. Sökum þess hve seint voraði, komst það ekki upp fyrr en um miðjan júní og var þá sáð í það. Sú sáning heppnaðist vel, en vöxturinn varð samt ekki eins góður og ætla hefði mátt. Er því sennilega um að kenna, að við höfum verið óheppnir með moldina í húsið. Verður reynt að komast hjá slíku á næsta vori, er húsið verður sett upp aftur. En mér sýnist, að þegar við höfum náð góðum tókum á því að rækta í svona gróðurhúsi, muni öll sáning höfð þar.

Sjálfir græðireitirnir voru ekki endurbættir neitt á þessu sumri. Sandur var aðeins notaður til yfirbreiðslu í fræbeð og dreifbeð.

Hafinn var undirbúningur að því að gera suðurhorn Markarinnar úr, garði eins og hluta af elzt græðireitnum í fyrra. Var landið skottað og rætur rifnar upp. Eftir er að aka mómold í svæðið og sá í það græsfræi. Getur þetta þá orðið hinn fegursti garður.

b. Fræplöntur.

Á árinu var sáð í alls 524,5 m². Er það aukning frá árinu áður - og tel ég það rangt að farið. Þetta mun leiða til þess, að við verðum enn með miklu meira af plöntum til dreifsetningar en æskilegt er.

Spírun var yfirleitt mjög góð, svo að 1/0 plöntur teljast nú vera um 550 þúsundir, sem nær auðvitað engri átt, jafnvel þótt nær helmingur sé birki. Verst var, að bergfuran, sem okkur vantar tilfinnanlega, spíraði mjög illa.

Fræplöntur 2/0 og 3/0 til dreifsetningar verða nú um 320 þús., sem er helmingi fleira en við höfum brúk fyrir sjálfir.

c. Dreifplöntur.

Dreifsettar voru 133.900 skógarplöntur, þar af lerki 88.000. Þetta var heldur minni dreifsetning en áætlað var og ~~XXXX~~ orsakaðist af því, hve seint voraði. Hins vegar er mín skoðun, að þetta sé fyllilega nógu mikil dreifsetning fyrir stöðina hér. Dreifsetning árisins tókst mjög vel, svo að vanhöld hafa kannski aldrei orðið minni. Þetta mun koma bezt í ljós eftir veturinn.

Það reyndist rétt við talningu sl. haust, að vanhöld höfðu orðið með allra minnsta móti vorið 1966 í dreifsetningu.

d. Hreinsun.

Ekkert sérstakt er ástæða til að taka fram í sambandi við hreinsun ársins í græðireitnum. Líklega hefir hún samt kostað meira nú en sl. ár, því að allmikið illgresi kom lifandi undan vetri. En hreinsun er nú ekki lengur færð sem sérstakur kostnaðarliður, svo að um þetta verður ekki sagt með vissu.

e. Umbúnaður.

Um þennan lið er heldur ekki mikið að segja. Það þurfti auðvitað minni vetrarumbúnað nú en áður, þar eð dreifsetningin var talsvert minni en um langt skeið. Dreifbeð ársins voru þakin með mosa, svo sem venja hefir verið, en einnig allmikið yfirbreitt af sandi.

Í september voru aðeins tvær stúlkur við þakninguna, ~~XX~~ en Páll Guttormsson vann við ýmsan annan vetrarumbúnað fram í nóvember og hafði stundum einn mann með sér. Meiri ráðstafanir voru gerðar en venjulega til þess að forða skaða á birki og víði af völdum rjúpunnar, sem nú er talsvert mikið af.

f. Afhending plantna.

Afhentar voru úr stöðinni 282.540 skógarplöntur. Og líklega um 35.000 dreifsetningarplöntur til annarra stöðva, en yfir það vantar mig nákvæmar tölur.

Langmest var afhent um vorið, nema það, sem plantað var hér og á Eyjólfsstöðum í ágúst.

Eins og fyrri daginn olli það miklum erfiðleikum og kostnaði að geta ekki komið plöntunum frá sér jafnóðum og þær voru teknar upp. Í sambandi við plöntuafgreiðslu varð þó sú mikla framför, að sendir voru tveir bílfarmar af plöntum suður á land ópakkaðir með bíl Skógræktarinnar. Þetta sparaði okkur geysimikinn kostnað og hefði auðvitað átt að gera fyrir löngu, en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hefir aldrei fyrr verið talið gerlegt að nota bíl þennan til plöntuflutninga héðan að austan.

Geta verður þess, að kasta þurfti miklu magni af sitkagreni, sem var orðið úr sér vaxið. Úr þessu voru samt sortéraðar um 13 þús. pl. og afhentar Skf. Borgfirðinga ókeypis frekar en henda þeim. Þetta voru afburðafallegar plöntur.

Brúttóverðmæti skógarplantna úr stöðinni varð á árinu kr. 601.433,48. Er flutningskostnaður á nokkru magni af plöntum með í þessari tölu, en mun vart ná 10 þús. kr.

g. Garöplöntur.

Afhentar voru garöplöntur 5.702 stk. alls að brúttóverðmæti (incl. flutningskostn. á hluta) kr. 127.809,45. Þetta er mesta garöplöntusala okkar til þessa. Var áberandi, hve mun meira var nú keypt af Austurlandi en árið áður og svo mikið sem byggt hefir verið á síðustu árum á Austurlandi, hljótum við að reyna að vera við því búnir að mæta eftirspurninni, þegar farið verður að standsetja lóðirnar.

Dreifsettar voru 6.530 garöplöntur og settir niður 9.000 græðlingar. Af því voru 7.800 vorgræðlingar og 1.200 sumargræðlingar.

Enn skortir verulega á fjölbreytni í garöplöntum hér í stöðinni, en þetta þokast þó ofurlítið í áttina. Þannig var nú sett nokkuð af sumargræðlingum runna, sem við höfum ekki haft fyrr.

Á vori komanda verður skortur á nægilega stórum plöntum af tveimur aðaltegundum okkar, sitkagreni og reynivið. Er þetta því að kenna, að of lítið magn var sett niður eitt ár af þeim. En næsta ár verður aftur á móti kappnóg af þeim báðum. Hins vegar eigum við nú fallelgra garðbirki en nokkru sinni og eru það plöntur, sem valdar voru úr 2/2 vorið 1966 og dreifsettar þá. Ennfremur er nóg til af mjög fallelgri Alaskaösp.

Annars ber brýna þörf til að útbúa sérstakan reit (ekki endilega í gróðarstöðinni sjálfri), þar sem aldar verði upp verulega stórar plöntur af nokkrum helztu garöplöntutegundum og við það miðað að selja þær með hnaus upp í tveggja metra hæð. Eg hefi mikinn hug á að brjóta slíkan reit á vori komanda.

h. Annað.

Á næsta vori verða færri skógarplöntur til sölu en um langt skeið, eða 127.500 skv. talningu. Ástæðan er einkum sú, að geysileg vanhöld urðu á dreifsetningu vorsins 1965 bæði um sumarið og veturinn eftir. Þær plöntur, sem lifðu, hafu verið óvenjulega seinþroska í dreifbeðum. Þannig var í ágúst sl. plantað hér í skóginn miklu af hvítgreni frá Moose Pass 3/3. Af þeim þurfti að henda 8-9 þús. vegna smæðar. Þetta voru um 25% af öllu magninu af þessu kvæmi. Svipað er að segja um allt 3/3 greni, sem nú er í stöðinni. Þar er alltof há prósentu undir lágmarksstærð. Samt er eiginlega óhjákvæmilegt að taka þessar plöntur upp.

Hins vegar verður allmikið magn til af greni til síðsumarplöntunar.

Heildarbrúttótekjur stöðvarinnar á árinu urðu kr. 729.242,93 og eru þá dreifsetningarplöntur til annarra stöðva ekki reiknaðar með. Um kostnað get ég ekkert sagt, hvorki að því er varðar gróðrarstöðina né annað, þar eð skv. hinu nýja bókhaldsfyrirkomulagi er févörzlu- mönnum ekki ætlað að færa fylgiskjölin. Eg hefi því enga hugmynd um, hvernig áætlun sú, sem gerð var sl. vetur hefir staðizt. Og eðlilega hefi ég engin gögn í höndum til þess að gera starfsáætlun fyrir árið 1968, sem verði annað en nafnið tómt.

7. G r ó ð u r s e t n i n g.

a. Yfirlit, áætlun.

~~XXXXXX~~ Áformað var að planta alls á Hallormsstað og í Mjóanesi á árinu 110.800 plöntum. Í reyndinni var ~~XXXXXX~~ plantað 98.440 plöntum. Þar af á Hallormsstað 64.590 (áætlað 65.800) og í Mjóanesi 33.750 (áætlað 45.000). Það munaði sem sé um 11 þús. pl., hve minna var plantað í Mjóanesi en áformað var.

Ástæðan var sú, að þegar til kom, höfðum við ekki nóg af þeim tegundum, sem þössuðu í plöntunarlandið þar. Munaði þar mestu um lerk-ið. Við létum heldur meira af því til annarra staða en áætlað var og endurdreifsettum af því 2.000 stk., en það er hlutur, sem ég tel orðið alveg nauðsynlegt að gera. Tvídreifsettar lerkiplöntur er ómet-

Tafla IV. Plöntun á Hallormsstað og í Mjóanesi 1967.

Tegund	Kvæmi	Aldur	LNN	VUN	FAR	LLL	Mjóanes	Alls	Tími
Hvítgreni	Fairbanks 23	2/3	959	-	-	-	-	950	vor
Hvítgreni	Fairbanks 22	2/3	1.075	-	-	-	-	1.075	vor
Hvítgreni	Moose Pass	3/3	-	-	-	22.875	-	22.875	síðs.
Blágreini	Lake Louise	2/4	-	-	500	-	-	500	vor
Sitkabastarður	Moose P.	3/3	-	-	-	-	4.400	4.400	vor
Sitkabast.	Moos e Pass	3/4	-	-	-	10.000	-	10.000	síðs.
Sitkagreni	Homer	3/3	-	-	-	-	-	5.025	vor
Bergfura	Haut confl.	3/0	-	-	5.645	-	5.025	10.095	vor
Broddfura	Hallormsst.	3/3	-	-	7.795	-	4.450	10.095	vor
Evrópulerki	12 kvæmi	2/3	-	-	1.200	-	1.350	9.145	vor
Rússalerki	Arkangelsk	2/0	1.850	-	-	-	-	1.200	vor
Rússalerki	Arkangelsk	2/2	6.725	-	-	-	-	1.850	vor
Stafafura	Skagway	2/4	-	2.175	-	-	18.525	25.250	vor
Lindifura	Sovétr.	3/3	900	-	-	-	-	2.175	vor
Fjallaböll	Lawing	3/6	-	-	-	1.400	-	900	vor
Hengibjörk	Rognan	2/0	-	1.000	-	-	-	1.400	vor
Normannsp.	?	?	-	-	600	-	-	1.000	vor
Alls			11.500	3.175	15.740	34.275	33.750	98.440	vor

anlegt að hafa til vissra hluta. Í vor breytti ég að því leyti til út af plöntunaráætluninni, að ég ákvað að planta broddfurunni að mestu leyti á Hallormsstað.

Talan á Hallormsstað stóðst því sem næst, þótt nokkuð væri vikið frá tegundaskiptingu. Þannig var t.d. ákveðið að planta 35.000 Mosse Pass 3/3, en af því reyndust ekki nothæfar nema 23.000 og hvítgreni 3/3 Wanza Lake var alls ekki plöntunarhæft. Í staðinn var plantað 10.000 sitkabastarði o. fl. teg.

Ef meira hefði verið til af lerki, hefðum við plantað fullri tölu í Mjóanes.

b. Plöntunartími.

Nú var ákveðið að ljúka fyrst vorplöntuninni á Hallormsstað, þar eð reynsla undanfarinna ára hefir sýnt, að mjög óheppilegt er að koma úr hinu léttu plöntunarlendi í Mjóanesi og fara að berjast ~~XXX~~ við brattann, limið og mosapembuna hér í skóginum.

Plöntunin hófst 9. júní með því að plantað var norskri hengibjörk. Næstu daga var svo tekið til við lindifura, stafafuru og Normannspin, sem við fengum aðsendan. Reynsla okkar er orðin sú, að bezt sé að geta lokið furuplöntun fyrst, einkum ef um stórar plöntur af henni er að ræða. Það reynist þrátt fyrir allt miklu auðveldara að fást við lerkið, þótt komið sé langt fram í júní, þegar það er tekið upp jafnóðum og rætur þess leirbornar. Við leirberum raunar rætur á öllum plöntum, sem ~~XXXXXXXXXX~~ plantað er hér hjá okkur.

Hinn 14. júní hófst plöntun á lerki og lauk 19. júní. Þann dag var byrjað að ~~XXX~~ planta bergfuru og síðan broddfuru og lauk 21. júní.

Hinn 22.-26. júní var plantað lerki, bergfuru og broddfuru í Mjóanesi, en 26.-30 júní sitkagreni og sitkabastarði í plægt land í Mjóanesi. Með öllu ógerlegt reyndist að planta í ákvæðisvinnu í plógstrengina. En þar voru notaðar bjúgskóflur.

Hinn 1. júlí var plantað 1.200 plöntum af Evrópulerki í tilraunareit í Framhólum. Þetta voru 12 kvæmi og 100 stk. af hverju í tveimur blokkum.

Dagana 3.-5. júlí var plantað á Eyjólfssstöðum 10 þús. greniplöntum.

Vorplöntuninni lauk svo 6. júlí með fjallapöll.

Síðsumarplöntun hófst 9. ágúst í Lýsishól. Voru þar að verki hinir 19 Norðmenn, sem hingað voru komnir og síðar verður vikið að. Þeir plöntuðu hér á Hallormsstað til 15. ágúst og settu niður samtals 18 þús. plöntur af hvítgreni og sitkabastarði.

Hinn 16. ágúst var þeim skipt í þrjá staði hér á Héraðinu: Hájlaustastað, Egilsstaði og Útnyrðingsstaði. Settar voru niður 3.700 plöntur þennan dag.

Hinn 17. ágúst var plantað 3.675 plöntum á Eyjólfssstöðum.

Dagana 24.-29. ágúst voru loks sett niður tæp 15.000 hvítgreni í Lýsishól. Var þá búið það land, sem hæft var fyrir greni, enda stóðst á endum, að Moose Pass-hvítgrenið kláraðist. Lauk þar með plöntun ársins 1967.

8. H i r ð i n g p l a n t n a.

Kjarrhrensun. Þessi svæði voru tekin fyrir:

Í Partinum var farið yfir greniplöntunina frá 1959 og hluta af Askizlerkinu frá sama ári, sem var að fara í kaf í birkiteinungi.

Í Lýsishól var farið yfir mikið af plöntunum frá 1956 bæði greni og lerki. Er þetta önnur umferð þar. Hin fyrri var farin 1962.

Í Innskóginum var dálítið lagað með klippum.

Úðun með hormónalyfjum var nær engin. Olli því hin ódæma kalda tíð í júlí, að um slíkt var ekki að ræða.

9. Vegagerð.

Lagðir voru nýir vegir 1.150 m langir og lagfærðir nokkrir eldri stígar. Þetta var allt saman í Lysishól og Flataskógi.

Engar framkvæmdir voru hjá Vegagerð ríkisins í landareigninni, en geta má þess, að gengið var frá veginum milli Húsmæðraskólans og Barnaskólans. Var hann lagður í samræmi við skipulag Reynis Vilhjálmssonar.

10. Byggingar.

Mörkin. Enn var haldið áfram húsabótum í steinhúsinu í Mörkinni. Settar voru nýjar útihurðir í húsið. Eru þær úr Oregon pine. Að þessu er vitaskuld mikil húsabót, því að þær gömlu máttu teljast ónýtar. Nýttist nú hiti í húsinu miklu betur en áður.

Sett var skilrúm milli eldhúss og borðstofu með rennihurð. Við þetta varð vinnuástaða í eldhúsi miklu skemmtilegri og er þá auk þess hægt að læsa eldhúsinu.

Skípt var um vaska á þvottaganginum. Var nú sett heilt vaskaborð úr stáli með þremur skálum í stað postulínsvaskanna, sem raunar voru allir orðnir ónýtir.

Breytt var um opnu fögin á jarðhæðinni í tveimur svefnherbergjum og á þvottaganginum, svo að ~~XXXXXX~~ nú er ekki lengur hægt að nota gluggana sem göngudyr, eins og gert var áður.

Ýmsar ~~XXXXXX~~ fleiri smálagfæringar og endurbætur voru gerðar, þótt ekki verði rakið hér. En eftir þessar bætur er nú svo komið, að ekki mun þörf á að gera verulegar lagfæringar á húsinu í bili. Hins vegar kemur að því, að húsbúnaður gengur úr sér, svo sem ~~XXXXXXXXXX~~ rúmstæði, þótt ekki verði alveg í bráð. En þau mun verða að endurnýja, áður en langt um líður. Sama er að segja um hluta af eldhúsinnréttingu. - En þegar á allt er litið, ~~XX~~ getur maður nú orðið kinnroðalaust tekið á móti fólkinu á vorin til þess að dveljast þarna. Það gat maður hins vegar ekki til skamms tíma.

Eins og öll undangengin vor, málaði ég allmikið innan í húsunum, t.d. svefnskálann allan og eldhús, ganga og sum herbergin í steinhúsinu.

Loks er þess að geta, að keyptur var ísskápur í eldhúsið, svo að aðstaða til matargeymslu er nú orðin mjög sómasamleg.

Skógarvarðarbústaður. Timburklæðningin utan á húsinu var öll lökkuð með skipalakki og flestir gluggar málaðir utan líka.

11. Vélar og verkfæri.

a. Mótörverkfæri.

Sagirnar voru auðvitað mikið notaðar, eins og ljóst er af kafla-
num um skógarhögg. Norðmennirnir vildu helst nota keðjusagirnar við
alla grisjun, þótt í grannvöxnum skógi væri, því að þær voru þeim
tamari og mátti heita, að þær væru nær eingöngu notaðar á þá 12 ha,
sem grisjaðir voru fyrir plöntun.

Hins vegar vilja piltar okkar hér helst nota kjarrsagirnar á allt
smærri kjarr og held ég það sé raunar réttara. Þeir hafa komið að
þeirri niðurstöðu, að blöðin með vanadiumtönnunum henti illa í skóg,
sem er í gildara lagi fyrir kjarrsagir. Þeir leggja mikla áherzlu á,
að þau blöð séu einungis notuð á smákjarr. Annars eru öxlarnir í þeim
sífellt að brotna. Er örugg reynsla fengin um þetta hér. Mátti út-
skýra það nánar, en skal ei gert nú.

Bifreiðin U-823. Í vor var loks lokið viðgerð á bifreiðinni eftir veltuna, er getið var um í síðustu ársskýrslu. ~~MIÐAÐ~~ Miðað við það, hve mikil viðgerð þetta var, kostaði hún ótrúlega lítið, eða 27 þús. kr. Ennig var keyptur gangur af hjólbörðum undir bifreiðina og kostaði hann næstum eins mikið. Hefir bíllinn verið gangfær síðan í vor og mjög mikið notaður.

Dráttarvélar. Í vetur kom hin nýja MF 203-dráttarvél hingað. Er það hið ágætasta verkfæri, sem hefir verið mjög mikið notað sem dráttar- og jarðvinnslutæki. Tvennt þyrfti að ~~XXX~~ stefna að að kaupa til þessarar vélar: Moksturstaeki og snjóbelti. Þá fyrst nýtist hún til fulls.

Gamla dráttarvélin er enn í fullu gildi og hefir verið notuð mjög mikið líka, t.d. við alla viðarkurlun. Ennfremur höfum við notað moksturstaeki hennar, en þau eru ákaflega seinvirk miðað við samsvarandi tæki á nýrri gerðum. Ég tel, að við eigum að halda gömlu dráttarvélinni við, enda getur hún enzt lengi ennþá með samilegri meðferð og viðhaldi.

Jarðýtan. Því miður hafa vonbrigði orðið í sambandi við jarðýtuna, sem við keyptum frá Eskifirði. Í vor leið fórum við með báðar ýturnar á búvélaverkstæðið í Tunguhaga, en við nánari athugun á báðum vélunum komu upp ný viðhorf, sem valda því, að vafamál er, hvort við eigum að láta gera ýturnar upp eða ekki. Ég ræði þetta ekki frekar hér.

Önnur mótörverkfæri. Gamli Clifford-jarðtætarinn er ennþá gangfær, en er orðinn heldur lasburða. Þó miðum við við að halda honum gangferum ennþá. Sama er með litla Howard-götutætarann.

Keypt var Ginge-garðsláttuvél hjá Sölufélagi garðyrkjumanna. Taldi ég slíkt óhjákvæmilegt eftir breytingu þá, sem gerð var á gamla græðireitnum í fyrra, og einnig til notkunar hér við skógarvarðarbústaðinn.

Í rauninni þyrftu allir kantar í gróðrarstöðinni að vera þannig, að hægt væri að slá þá með garðsláttuvél.

1 2. Ý m i s l e g t.

a. Ferðafólk.

Ferðafólk var með minnsta móti á sumrinu. Oftast nær var þunnskipað af tjöldum í Atlavík, ef samkomur eru undanskildar. Ólafur Hallgrímsson kennari hér á staðnum hafði umsjón með Atlavíkinni og leiðbeindi ferðafólki lítils háttar um skóginn.

Tjaldstæði í skóginum í Atlavík voru lagfærð nokkuð með grisjun og mjög vandlegri hreinsun á greinum og stubbum.

Við gættum þess alltaf að hafa Víkina vel hreina og hlutum þakkir margra ferðamanna fyrir.

En þarna þyrfti auðvitað að gera ^{því}hilmikið til þess að bæta aðstöðuna. Eru það einkum kamramálin, sem eru stórvandamál og svo það að hafa ekki rennandi vatn, því að lækurinn þornar oft niður í steina seinni partinn í júlí.

b. Gestir skógræktarinnar.

Eins og ferðafólk var miklu færra en um langt skeið, svo voru einnig gestir, sem sýnt var um skóginn. Man ég ekki til, að þeir hafi verið svona fáir um árabíl.

Eftirtalda aðila nefni ég, sem sýnt var um á árinu:

- 20.-23. júní: Mr. Lines frá Skotlandi ásamt Hákonni Bjarnasyni skógræktarstjóra og Hauki Ragnarssyni tilraunastjóra.
- 22. " Bændaför Suður-Þingeyinga, 140 manns, undir leiðsögn Ragnars Ásgeirssonar. Þessum hópi voru boðnar veitingar í Mörkinni.
- 9. júlí: Bessi Bjarnason og Gunnar Eyjólfsson leikarar.
- 10. " Hópur frá Ferðskrifstofu ríkisins, um 50 manns af ýmsum þjóernum. Fararstjórar Bjarni Bjarnason og Valtýr Pét-

- ursson.
15. júlí: Ármann Dalmannsson skógarvörður og Jón Dalmann sonur hans ásamt konum þeirra.
18. " Eggert Jónsson fréttamaður frá Ríkisútavrpínu.
22. " Fundur útibússtjóra Landsbanka Íslands og Baldvin Jónsson hrl, formaður bankaráðs, ásamt konum þeirra.
23. " Jón Eðvarð Jónsson rakari á Akureyri og fjölskylda hans.
28. " Vilborg Harðardóttir blaðakona á Þjóðviljanum og Árni Björnsson cand. mag., maður hennar.
30. " Hópur frá Ferðaskrifstofu ríkisins, 30 manns af ýmsum þjóðernum. Fararstjóri Bjarni Bjarnason.
31. " Sigurvin Einarsson alþm., kona hans, dóttir og tengdasonur.
1. ágúst. Hópur frá Ferðaskrifstofu ríkisins, 30 manns ýmissa þjóða. Fararstjóri Bjarni Bjarnason.
- 7.-9. " Norðmennirnir Heiberg, Hvoslef, Norén og Ringset, eiginkonur tveggja þeirra og Hákon Bjarnason.
24. " Ingvi Þorsteinsson magister, Gunnar Ólafsson búfræðikand. og Ólafur Gíslason stúdent.
24. sept. Aðalfundur Kennarasambands Austurlands, um 30 manns, ásamt gestum fundarins: Rúnari Brynjólfssyni og Ólafi ~~XXXXX~~ Proppé kennurum úr Hafnarfirði og Gesti Þorgrímsyni kennara úr Reykjavík.
- 27.-29. " Baldur Þorsteinsson skógræðingur.
14. okt. Ísleifur Sumarliðason skógarvörður á Vöglum og Ola Skavhaugen.
- 13.-15.nóv. John A. Owen frá Bandaríkjunum.

c. Fundahöld, eftirlitsferðir.

Ferðalög hér austanlands voru engin að kalla, ef frá er talið Héraðið.

Hinn 27. febrúar fór ég til Reykjavíkur á starfsmannafund Stofnunarinnar, sem að vísu hófst ekki fyrr en 7. marz. Heim kom ég hinn 23. marz. Eins og árið áður fór allmikill tími í fjármálaþras vegna byggingar barnaskólans hér, sem ég hefi haft umsjón með. Sem betur fór bar þetta leiðinlega erfiði árangur.

Hinn 29. maí leiðbeindi ég við plöntun á Eiðum.

Í júlí og ágúst var ég í Eyjólfsstaðaskógi í sambandi við grisjun og plöntun þar.

Hinn 10. ágúst fór ég til Akureyrar með Norðmennina, sem hér höfðu dvalizt, ásamt skógræktarstjóra. Kom heim næsta dag.

Hinn 19. ágúst fór ég aftur til Akureyrar á fund í svonefndri "þjóðgarðsnefnd" á vegum Sambands Íslenskra samvinnufélaga og kom aftur 21. ágúst.

Hinn 24. sept. hélt ég erindi um skógrækt fyrir aðalfund Kennarasambands Austurlands og gesti þess.

Dagana 19.-25. október var ég í Reykjavík á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands í Hlégarði og ýmsum útréttingum.

Loks má þess geta, að í september fékk ég orlof til þess að fara í ferðalag austur til Sovétríkjanna, en þangað hafði mér verið boðið. Stóð sú ferð með viðkomu í Kaupmannahöfn dagana 1.-19. sept. Dagana 20.-23. sept var ég svo í Reykjavík í ýmsum snúningum.

d. Kvikmyndataka.

Gísli ~~XXXXXXXX~~ Gestsson lauk við myndatöku sína hér í júlí. Hann varð þó að taka þetta í tveimur áföngum vegna óhagstæðs veðurs. Fyrst var hann hér 30. júní til 7. júlí og varð þá frá að hverfa. Síðan var hann dagana 12.-14. júlí og fékk bezta veðrið hér, sem hann hafði nákkurn tíma fengið, og gat lokið öllum atriðum hér.

e. Samkomur í Atlavík.

Eins og í fyrra voru tvær smkomur haldnar í Atlavík. Sú fyrri 8. og 9. júlí á vegum Framsóknarmanna, en Ungmenna- og Íþróttasamband Austurlands hélt hina um verzlunarmannahelgina.

Á báðum samkomum var áfengisbann og tókst að framfylgja því svo, að til fyrirmyndar er. Fyrri samkoman var allfjöldmenn. Þá var rigning á laugardagskvöldið, en gott seinni part sunnudags. Seinni samkoman, sem haldin var í fögru veðri, er líklega sú fjöldmennasta, sem haldin hefir verið í Atlavík. Munu yfir 3 þús. manns hafa sótt hana.

Helzt áhyggjuefnið í sambandi við samkomuhald þetta er það, hvernig bílaumferðin er að eyðileggja flatirnar austna Atlavíkurlækjar. Loksins hefi ég nú fundið stað fyrir bílastæði, sem myndi geta létt allri bílaumferð af Víkinni á samkomunum. Gerð þess mun auðvitað kosta allmikið fé. Ég hygg samt, að við myndum sleppa að mestu með að sjá sjálfir um jöfnun og framræslu. Býst ég við, að Vegagerð ríkisins myndi smátt og smátt bera ofan í þetta fyrir okkur. Mun ég kanna það mál í kyrrþey í vetur.

f. Barnaskólabyggingin.

Byggingu barnaskólans hér lauk að heita mátti í haust. Varðandi húsið sjálft eru bara óveruleg atriði eftir. Ennfremur er mjög langt komið að ganga frá lóð hússins, svo að þarna er þegar orðið mjög snyrtilegt. Ég hafði sjálfur umsjón með frágangi lóðarinnar og var það verk að mestu unnið af piltum okkar.

Í sambandi við skólabygginguna var ákveðið að gera sameiginlegt frárennsli frá öllum húsum hér á staðnum, nema húsi Guðmundar Jónssonar, sem ekki er hægt að koma inn á þetta kerfi. Á sl. vori var tengt bæði við bæinn á Hallormsstað, skógarvarðarbústainn og hús ~~XXX~~ Hrafns Sveinbjarnarsonar, en haustið áður hafði verið tengt við Barnaskólann og hús skólastýru Húsmæðraskólans. Ekki er lokið tengingu við Húsmæðraskólann sjálfan, en það verður væntanlega gert innan tíðar.

Mér þykir líklegt, að báðir skólarnir verði að sumrinu notaðir til hótélreksturs og þá trúlega undir einni stjórn. Skapast þá miklu betri aðstaða en verið hefir til gestamóttöku hér á staðnum, t.d. verður aðstaða mjög góð til þess að taka nokkuð ~~XXXX~~ stóra fundi, eins og ég mun hafa rætt um áður.

g. Norska skógræktarféلكið.

Mér þykir rétt að gera hér grein fyrir því, hvernig háttað var dvöl norska skógræktarfélksins hér á Hallormsstað 7.-18. ágúst.

Þetta var 19 manna hópur undir forystu Sverre Brörs skógarvarðar frá Romsdal, gamals vinar míns og velgerðamanns í Noregi.

Hópurinn bjó í nýja barnaskólanum og borðaði í Húsmæðraskólanum. Voru greiddar 250,- kr. á dag fyrir manninn (fæði og húsnæði). Aðstaða var þarna hin þryðilegasta til þess að fólkinu liði vel og sérstaklega heppilegt það fyrirkomulag að geta fengið fæði fyrir fólkið í Húsmæðraskólanum á svo hagstæðu verði. Það sparaði okkur mikla fyrirhöfn og líklega kostnað líka. Það kom greinilega fram, að fólkið var mjög ánægt með viðurgerninginn, enda er slíkt alveg nauðsynlegt.

Hinn 8. ágúst var skógurinn skoðaður í fylgd með hinu norska fólkinu, sem áður var um getið.

Hinn 9. ágúst hófst plöntun í Lýsishól. Var plantað fram að hádeggi. Trond Löken sá alveg um þessa plöntun. E. h. var farið að Hengi-fossi í Fljótsdal.

Hinn 10. ágúst var plöntun fullan dag, kl. 9-16 með miðdegishléi. Um kvöldið ~~XXXX~~ fór hópurinn í Egilsstaði í boði Rotarýklúbbsins þar. Var þar sagt frá myndun þorpsins á Egilsstöðum og Fljótsdals-héraði.

Hinn 11. ágúst var ~~XXXX~~ heill plöntunardagur. Um kvöldið kom Þorsteinn

Sigurðsson héraðslæknir, formaður Skógræktarfélags Austurlands, hingað uppeftir og sýndi fólkinu skuggamyndir frá Austurlandi og sagði því um leið sitt hvað um þennan landshluta. Þorsteinn er mjög góður myndatökumaður og vakti sýning hans mikla ánægju.

Laugardaginn 12. ágúst var plantað allan daginn til kl. 16. Um kvöldið var farið á almennan dansleik í Héraðsheimilinu ~~XXX~~ Valaskjálfi á Egilsstöðum. Bauð stjórn hússins til þessa fagnaðar.

Sunnudag 13. ágúst var haldið í ferðalag niður á Firði. Var haldið héðan í langferðabíl kl. 9 um morguninn. Á Egilsstöðum slógust þeir með í förina Þorsteinn læknir og Halldór Sigurðsson, stjórnarmenn skógræktarfélagsins. Veður var eins fagurt og á varð kosið. Var haldið rakleitt til Neskaupstaðar. Bæjarstjórn Neskaupstaðar bauð til hádegisverðar í félagsheimilinu Egilsbúð og voru stjórnarmenn Skógræktarfélags Neskaupstaðar boðnir líka. Bjarni Þórðarson bæjarstjóri bauð gestina velkomna með snjallri ræðu. Að loknum hádegisverði bauð Ölver Guðmundsson útgerðarmaður öllum viðstöddum um borð í bát sinn "Þráin", en Ölver er mikill áhugamaður um skógrækt og hefir ~~XXXX~~ dvalizt í Noregi í sambandi við bátakaup. Var siglt út Norðfjarðarflóa, fyrir Norðfjarðarnípu og alla leið til Brekku í Mjóafirði. Var stigið þar á land og hinir trúðu í hópnum fóru að skoða ~~XXX~~ kirkjuna, en þeir voru um helmingur Norðmannanna. Sjóferð þessi heppnaðist fjarskalega vel og vakti mikla á nægju. Er til Neskaupstaðar kom, var drukkið kaffi í boði Skógræktarfélags Neskaupstaðar. Að því búnu var haldið heim á leið yfir Eskifjörð og til Reyðarfjarðar, þar sem snæddur var kvöldverður ~~XXXXXX~~ á Gistihúsi Kaupfélags Héraðsbúa í boði Kaupfélagsins. Skýrði útibússtjóri þess þar frá kaupfélaginu og starfsemi þess.

Heim var komið allseint um kvöldið og þótti þessi ferð hafa tekizt ágætlega.

Mánudaginn 14. ágúst var plantað fram að hádegi, en því næst haldið út í Eiða. Var Eiðastaður og Eiðaskógur skoðaður undir leiðsögn Þorkels Steinars Ellertssonar skólastjóra og þeim, sem vildu gafst kostur á að fara í sundlaugina. Kaffi var drukkið í boði Eiðaskóla, en kvöldverður í boði Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands, þar sem sagt var nokkuð frá starfsemi þess.

Þriðjudaginn 15. ágúst var plantað allan daginn. ~~XXXXXXXXXXXX~~
~~XXXXXX~~ Um kvöldið var kaffi í boði Húsmæðraskólans.

Miðvikudaginn 16. ágúst var fólkinu skipt í 3 hópa. Fór sá minnsti út í Hjaltastað og ~~XXXXXX~~ plantaði við félagsheimilið þar. Stærsti hópurinn, 10 manns, plantaði hjá Sveini bónda Jónssyni á Egilsstöðum. Hinn þriðji plantaði á Útnyrðingsstöðum á Völlum hjá Guðlaugu Sigurðardóttur, systur Þorsteins læknis. Þar gafst fólkinu kostur á að koma á hestbak.

Fimmtudaginn 17. ágúst var plantað á Eyjólfstöðum hjá Skógræktarfélagi Austurlands. Að plöntun lokinni var haldið til félagsheimilisins Iðavalla hjá Vallanesi og var dvalizt þar um kvöldið í boði Skógræktarfélags Austurlands. Snæddur var kvöldverður, þar sem saltkjöt og baunir voru á borðum, og gerði það mikla lukku, en konurnar sem gengu um beina voru í íslenskum búningum. Sá Kvenfélag Vallahrepps um veitingarnar fyrir Skógræktarfélagið.

Á eftir borðhaldi voru sýndar kvikmyndir Ósvaldar Knudsens, Surtsey og Sveitin milli sanda. Því næst söng Karlakór Fljótdalshéraðs undir stjórn Jóns Þórarínssonar tónskálds, en hann hafði þá um mánaðar skeið þjálfað kórinn. Á eftir var svo stiginn dans fram til kl. 2 um nóttina. Kórmenn voru þarna í fagnaðinum með okkur um tíma og voru þá um 70 manns í ~~XX~~ samkvæminu. Þótti veizla þessi hin bezta.

Föstudaginn 18. ágúst var lagt af stað héðan kl. 13. Komið var við í Vallanesi og kirkjan þar skoðuð undir leiðsögn ~~XXXXXXXXXXXX~~ prestshjónanna, séra Ágústs Sigurðssonar og Guðrúnar Ásgeissdóttur, en síðan farið í Egilsstaði og Egilsstaðabúíð skoðað undir leiðsögn Sveins bónda. Bauð hann svo hópnum í kaffi, áður en stigið var í flugvélina.

Allan tímann, sem Norðmennirnir dvöldu hér á Hallormsstað, var veður framúrskarandi gott, flesta daga sólskin og blíða. Létti það mjög undir fyrir okkur, sem vanda höfðum af dvöl fólksins. Góða veðrið jók mjög ánægju ~~XXXXXX~~ gestanna, sem virtust margir hverjir kveðja okkur með söknuði. Þorsteinn læknir skrifaði þeim öllum jóla-~~XXXX~~ kort í nafni Skógræktarfélagsins og við höfum fengið kveðjur frá flestum þeirra, þar sem þeir minnst með ánægju hinna skemmtilegu daga. Ljúka þeir upp einum munni um, að þetta hafi verið mikil landkynning fyrir Ísland og treyst böndin milli frændþjóðanna. Í norska hópnum ríkti innbyrðis ákaflega góður andi.

Hallormsstað, 29. jan. 1968.

Sig. Þórtor